

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, reitur R2, Linnetsstígur 1, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. janúar 2007 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, reitur R2, Linnetsstígur 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í því að lóðin við Linnetsstíg 1 er stækkuð til suðvesturs og heimilt verður að reisa 5 hæða byggingu á lóðinni ásamt bílakjallara. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. febrúar 2007,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2007